

Aðalfundur Góðvina Háskólans á Akureyri

2. september 2015 í stofu N203, aðalbyggingu HA kl. 16.00

Fundargerð

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fundarstjóri setti fundinn kl. 16.06 bauð fundargesti velkomna og kynnti dagskrá fundarins. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf auk breytinga á samþykktum Góðvina.

1. Skýrsla stjórnar

Árið 2015 voru sendir 875 seðlar og af þeim 390 greiddir. Félagar í Góðvinum Háskólans á Akureyri teljast þeir sem greiða árgjöld samtakanna; einstaklingar og fyrirtæki. Námsmenn Háskólans á Akureyri eru undanþegnir félagsgjaldi. Greiðsla félagsgjalds þeirra hefst þegar nemendur ljúka námi. Þá er þeim sendur valfrjáls greiðsluseðill.

Veittir styrkir

Markmið Góðvina er annars vegar að auka tengsl skólans við fyrrum nemendur sína og aðra þá sem bera hag skólans fyrir brjósti, hins vegar að styrkja og efla Háskólann á Akureyri eftir fremsta megni. Fjárhagslega og á annan hátt.

Veittir styrkir frá síðasta aðalfundi:

1. *Miðstöð Skólaþróunar sem heyrir undir hug- og félagsvísindasviði.*
 - a. Góðvinir styrktu hug- og félagsvísindasviði um tvær spjaldtölvur af gerðinni iPad skv. reikningi að hámarki 300.000 kr. í þeim tilgangi að efla og stuðla að þróun kennsluaðferða við Háskólann á Akureyri.
2. *Félagsvísindadeild HA*
 - a. Fjölmíðlafræði við HA fékk styrk frá Góðvinum upp á 250.000 kr. til kaupa á Canon myndavél sem er einnig vídeóupptökuvél.
3. *Vísindaskóli unga fólksins*
 - a. Góðvinir styrktu Vísindaskóla unga fólksins um 250.000 kr. í þeim tilgangi að stuðla að betri tengingu HA við nærsamfélagið.
4. *Pípettur fyrir rannsóknarstofur HA*
 - a. Rannsóknarstofur HA fengu styrk fyrir þremur pípettum skv. reikning að hámarki 250.000 kr.

Heiðursverðlaun Góðvina

Á brautskráningu 13. júní 2015 voru þeir nemendur sem þóttu hafa unnið gott og óeigingjarnt starf í þágu háskólans sérstaklega heiðraðir. Þrír hlutu heiðursverðlaun Góðvina að þessu sinni, þau:

- Vordís Guðmundsdóttir (hug- og félagsvísindasviði),
- Snæbjörn Ómar Guðjónsson (heilbrigðisvísindasviði)

- Þórhildur Edda Eiríksdóttir (viðskipta- og raunvísindasviði)

Næluna hannaði Kristín Petra Guðmundsdóttir, gullsmiður.

Fréttabréf

Fréttabréf árið 2014 var gefið út fyrir aðalfund Góðvina eða í júní 2014. Þeir sem fengu valkvæða greiðsluseðla um haustið voru þeir sem einnig höfðu fengið fréttabréf félagsins fyrr sama ár.

2. Framundan hjá Góðvinum

- Auglýsa styrki Góðvina með því að:
 - Gefa starfsmönnum og/eða nemendum HA tækifæri að sækja um styrk til að styrkja starf HA
 - Útbúa tölvupóst sem senda á sviðsforseta, deildarformenn og brautarstjóra HA
- Gera Góðvini hægt og bítandi sýnilegri.
- Skoða logo Góðvina.
- Biðja FSHA um að aðstoða okkur með að koma okkur framfæri.
- Halda endurfundi

Skýrsla stjórnar samþykkt.

3. Reikningar

Agnes Eyfjörð gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Engar athugasemdir voru gerðar við reikningana.

4. Kosning stjórnar

Fundarstjóri kynnti tillögu að nýrri stjórn skólaárið 2015 til 2016 og varastjórn. Lagt til að:

- Hafdís Erna Ásbjarnardóttir – formaður
- Eyrún Elva Marinósdóttir
- Njáll Trausti Friðbertsson
- Agnes Eyfjörð, fulltrúi HA skipuð af háskólaráði
- Rannveig Lára Sigurbjörnsdóttir, fulltrúi FSHA
- Kristín Ágústsdóttir, sem starfsmaður HA

Varastjórn

- Eva Björk Heiðarsdóttir
- Kristjana Hákonardóttir
- Árni V. Friðriksson
- Óskar Þór Vilhjálmsson, varamaður fulltrúa HA, skipaður af háskólaráði
- Birgir Marteinnsson, varamaður fulltrúa FSHA

Fundurinn samþykkti tillögurnar með handauppréttingu.

5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Samþykkt var að skoðunarmenn reikninga væru áfram þau Auður Jónasdóttir og Ólafur Búi Gunnlaugsson.

6. Lagabreytingar

Lagabreytingar (Fyrir breytingu)

- 4. gr. Aðalfundur Góðvina skal haldinn ár hvert áður en nýtt skólaár hefst.
Á dagskrá aðalfundar skal vera:
 - a) skýrsla stjórnar
 - b) reikningar samtakanna
 - c) kosning stjórnar, sbr. 5. gr.
 - d) kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
 - e) lagabreytingar
 - f) ákvörðun árgjalds
 - g) önnur mál

Lagabreytingar (Eftir breytingu)

- 4. gr. Aðalfundur Góðvina skal haldinn ár hvert, eigi síðar en 15. september. Skal aðalfundur vera auglýstur með viku fyrirvara.
Á dagskrá aðalfundar skal vera:
 - a) skýrsla stjórnar
 - b) reikningar samtakanna
 - c) kosning stjórnar, sbr. 5. gr.
 - d) kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
 - e) lagabreytingar
 - f) ákvörðun árgjalds
 - g) önnur mál

Lagabreyting samþykkt.

Ákvörðun árgjalds

Var 2.000 kr. á síðasta ári. Tillaga stjórnar að árgjaldið verði 2.500 kr.

Árgjald er samþykkt.

Önnur mál

Tillaga kom upp að senda þeim sem greiddu árið 2013 en ekki 2014 greiðsluseðla til að gefa þeim tækifæri á að gerast aftur Góðvinir.

Farið var yfir fréttabréf Góðvina árið 2015.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:45